

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð díselolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 7.70 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárliði 41, 1.7 aura á lið 42, 1.5 aura á lið 43 og 0.9 aura á lið 44. Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlið 23 lækka eða hækka um 1 eyri hver kWst., við sömu verðbreytingu á olíu.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á díselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

IV. ANNAÐ

Söluskattur er innifalinn í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.gjaldi á gjaldskrárlið 23. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 377 10. desember 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 13. júní 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

R E G L U G E R Ð**um Lagastofnun Háskóla Íslands.****1. gr.**

Lagastofnun Háskóla Íslands starfar við lagadeild Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk Lagastofnunarinnar er:

- 1) Að vera vísindaleg rannsóknastofnun í lögfræði.

- 2) Að vera visindaleg kennslustofnun í lögfræði fyrir kandiðata og stúðenta, er vinna að fræðilegum verkefnum, sem sinnt er í stofnuninni, eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.
- 3) Að vera með sama hætti, eftir því sem aðstæður leyfa, visindaleg rannsókn- og kennslustofnun í greinum, sem skyldar eru lögfræði eða stunda ber í lagadeild.

3. gr.

Hlutverk sínu gegnir Lagastofnunin með því að:

- 1) Veita starfsmönnum stofnunarinnar og gestum fyrirgreiðslu í rannsóknum þeirra, svo sem varðandi húsnæði, ritaraþjónustu, bókavarðaðjónustu og aðra aðstoð við visindastörf.
- 2) Gera rannsóknáætlanir og standa að framkvæmd þeirra.
- 3) Hafa samvinnu við Háskólabókasafn, Landsbókasafn, bókasafn Hæstaréttar Íslands og önnur bókasöfn um útvegum, varðveislu og nýtingu lagabóka og tíma-rita.
- 4) Hafa samvinnu við aðrar visindastofnanir, innanlands og utan, svo og aðra aðila, um málefni á starfssviði stofnunarinnar.
- 5) Taka að sér í eigin nafni rannsóknarverkefni fyrir aðra aðila eftir ákvörðun stjórnar stofnunarinnar í hvert sinn.
- 6) Gangast fyrir ráðstefnum, umræðufundum, námskeiðum, fyrirlestrum og annarri starfsemi, sem starfssvið stofnunarinnar varðar.
- 7) Vinna að útgáfu rita um efni á starfssviði stofnunarinnar.
- 8) Safna gögnum um lögfræðileg efni, varðveita þau og veita aðgang að þeim til visindalegrar úrvinnslu.

4. gr.

Kennarar í fullu starfi við lagadeild teljast starfa við Lagastofnun Háskóla Íslands, nema þeir starfi við aðra rannsóknastofnun eða óski að vera undan því þegnir.

Kandidatar og stúðentar, sem fá aðstöðu til námsvinnu við fræðileg verkefni, sbr. 2. tl. 2. gr., starfa við stofnunina tiltekinn tíma, er ekki skal vera lengri en eitt ár í senn. Stjórnin getur falið forstöðumanni eða einstökum kennurum að veita aðstöðu þessa. Stjórnin getur sett að skilyrði fyrir aðstöðunni, að viðkomandi taki að sér stjórnunarstörf eða þjónustustörf við Lagastofnunina eða kennslu við lagadeild. Um þóknun fyrir slík störf fer eftir reglum Háskólans.

Stjórn stofnunarinnar getur boðið mönnum til fræðistarfa við Lagastofnunina í allt að eitt ár í senn. Fela má slíkum gestum stofnunarinnar stjórnunarstörf og þjónustustörf með samþykki þeirra, en til þess þarf ákvörðun stjórnar.

Kennarar við lagadeild, sem ekki eru í fullu starfi, skulu teljast starfsmenn stofnunarinnar að hluta, ef þeir óska þess og stjórnin samþykkir.

Við stofnunina starfa að auki sérfræðingar, aðstoðarmenn og aðrir starfsmenn eftir því sem heimild er til í fjárlögum.

Forstöðumaður og annað starfslið skulu fá greidda þóknun eftir gildandi reglum innan Háskólans eða eftir nánari ákvörðun, þegar fært þykir.

Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuaðstöðu.

5. gr.

Stjórn Lagastofnunar Háskóla Íslands er skipuð 4 kennurum í fullu starfi við lagadeild, sem við stofnunina starfa, kjörnum af lagadeild til 2 ára í senn, og 1 fulltrúa stúðenta, tilnefndum af stjórn Orators, félags laganema, til sama tíma. Stjórnin ræður þá starfsmenn stofnunarinnar, sem ekki eru kennarar, eftir því sem heimild er til í fjárlögum, og tekur aðrar ákvarðanir um málefni hennar.

Daglegan rekstur stofnunarinnar annast forstöðumaður, kosinn af stjórn hennar úr hópi stjórnarmanna til tveggja ára í senn.

Í febrúar á hverju ári skal forstöðumaður Lagastofnunarinnar boða til fundar með fimm daga fyrirvara alla starfsmenn stofnunarinnar og gesti. Forstöðumaður má og boða til fundarins aðra starfsmenn við Háskóla Íslands svo og einstaklinga og fulltrúa félagssamtaka og stofnana, ef hann eða stjórnin telur þátttöku þeirra hafa þýðingu fyrir Lagastofnunina. Á fundi þessum skal forstöðumaður leggja fram skýrslu um starfsemi stofnunarinnar næsta ár á undan, svo og tillögur stjórnarinnar um fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Skal ræða um þessi mál á fundinum svo og önnur mál, sem stjórn eða forstöðumaður vilja leggja fyrir hann. Málefni stofnunarinnar önnur skal og ræða, en heimilt er forstöðumanni að auglýsa með viku fyrirvara, að krafa um að setja mál á dagskrá skuli gerð sjö dögum fyrir fundinn. Fundur þessi nefnist ársfundur Lagastofnunar Háskóla Íslands. Hann hefur ekki ákvörðunarvald, en getur samþykkt ályktanir til lagadeildar.

Aukafundur Lagastofnunar skulu haldnir til að ræða um málefni, er hana varða, ef forstöðumaður telur það æskilegt, eða ef a. m. k. 4 starfsmenn stofnunarinnar í fullu starfi óska þess eða 15 menn aðrir, sem rétt eiga til setu á ársfundi.

Stjórn Lagastofnunarinnar getur kosið nefndir til að sinna tilteknum verkefnum fyrir hana. Kjörtími má ekki vera lengri en tvö ár. Slíkar nefndir hafa ekki ákvörðunarvald, nema þeim sé sérstaklega fengið það í samþykkt stjórnarinnar. Kjósa má menn utan Lagastofnunar í slíkar nefndir.

Nú telur einhver sá, sem rétt á til setu á ársfundi Lagastofnunar eða fundum lagadeildar, ákvörðun stjórnar eða forstöðumanns vera andstæða ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum ákvæðum reglugerðar eða laga Háskólans, og getur hann þá skotið ákvörðuninni til lagadeildar.

6. gr.

Kostnað við starfsemi Lagastofnunar Háskóla Íslands skal greiða með:

- 1) framlögum úr ríkissjóði,
- 2) framlögum úr öðrum opinberum sjóðum,
- 3) framlögum frá öðrum aðilum,
- 4) greiðslum fyrir verkefni, sem Lagastofnunin tekur að sér skv. 5. tl. 3. gr.,
- 5) arði af eignum stofnunarinnar.

Stjórn stofnunarinnar skal álykta um viðtöku fjár skv. 2., 3. og 4. lið, þ. á m. um skilyrði sem framlögin kunna að vera bundin.

Stjórnin hefur umsjón með fjármálum stofnunarinnar og gengur frá rekstraráætlun og tillögum um fjárveitingar til stofnunarinnar, eftir að ársfundur hennar hefur verið haldinn. Rekstraráætlun og fjárveitingatillögur skulu sendar lagadeild til meðferðar skv. lögum.

Fjármálin heyra endanlega undir rektor og háskólaritara, sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 36. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. Skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningi Háskólans.

7. gr.

Til bókasafns stofnunarinnar skal leggja þann bókakost Háskólabókasafns, er fellur undir fræðasvið hennar, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, bókasafnsnefndar og háskólabókavarðar til háskólaráðs.

Við stofnunarbókasafnið skal árlega auka í samræmi við fjárveitingu til Háskólabókasafns, enda heyrir stofnunarbókasafnið undir það.

Enn fremur njóti stofnunin þeirrar þjónustu, sem um getur í lögum nr. 38/1969 um Landsbókasafn Íslands, sbr. sérstaklega 1. mgr. 8. gr., þar sem svo er mælt fyrir, að stofnanir Háskólans hafi söfn í sinni vörslu, sbr. og 2. mgr. sömu greinar, svo og 12. og 13. gr. téðra laga.

8. gr.

Stjórn Lagastofnunar gengur frá ársskýrslu stofnunarinnar, og skal hún birt í árbók Háskóla Íslands.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 84/1970 um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 76/1958, 87. gr., og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 18. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um Líffræðisstofnun Háskólans.

1. gr.

Líffræðistofnun Háskólans heyrir undir verkfræði- og raunvísindadeild skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 84/1970 um Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar eru:

- a) Að annast grundvallarrannsóknir í líffræðigreinum þessum:
 1. dýrafræði,
 2. erfðafræði og sameindalíffræði,
 3. grasufræði,
 4. vistfræði.
- b) Að annast kennslu skv. ákvörðun verkfræði- og raunvísindadeildar á þeim sviðum líffræðinnar, sem undir stofnunina falla.
- c) Að sinna þeim verkefnum, sem henni kunna að vera falin til úrlausnar, enda komi greiðsla fyrir.
- d) Að gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum og fyrirlestrum til kynningar á fræðilegum nýjungum og fást við hver önnur verkefni, er stuðlað geta að því að efla rannsóknarstarfsemi í líffræðilegum greinum og kennslu í þeim í skólum landsins eftir því, sem við verður komið og fé er veitt til.
- e) Að hafa samvinnu við aðrar rannsóknarstofnanir, er starfa á skyldum sviðum.

3. gr.

Starfslið stofnunarinnar er:

- a) Fastir háskólakennarar í þeim greinum, sem heyra undir stofnunina.
Auk þeirra er heimilt, að fastir kennarar annarra deilda í skyldum greinum þeim, er getur í a-lið 2. gr., starfi við stofnunina. Um hlutaráðna kennara gildir almennt sama heimild, æski þeir þess.
- b) Gistiprófessorar, sérfræðingar og styrkþegar, sem sinna tímabundum verkefnum eða kennslu.
- c) Sérfræðingar, aðstoðarmenn og aðrir starfsmenn eftir því, sem heimild er til í fjárlögum.
- d) Stúdentar, sem stjórn stofnunarinnar veitir starfsaðstöðu til rannsóknarverkefna.